



Heildarendurskoðun á barnalögum - stöðumat og tillögur

Í barnalögum nr. 76/2003 er m.a. fjallað um:

- réttindi barns
- foreldra
- foreldraskyldur
- forsjá
- framfærslu og meðlag
- umgengni

Þegar samþykktar voru breytingar á barnalögum á Alþingi þann 15. apríl 2021, sbr. lög nr. 28/2021, var kveðið á um það í bráðabirgðaákvæði að ákvæði barnalaga og framkvæmd þeirra skyldi endurskoðuð [innan þriggja ára](#) frá samþykkt laganna og einnig tekið fram að dómsmálaráðherra skuli kynna niðurstöður endurskoðunarinnar eigi síðar en á [haustþingi 2024](#).

Umræddar breytingar á barnalögum tóku gildi þann 1. janúar 2022, en með breytingunum var foreldrum t.a.m. gert heimilt að semja um [skipta búsetu barns](#). Við meðferð frumvarpsins hjá Alþingi tók allsherjar- og menntamálanefnd það fram í nefndaráliti sínu að ekki lægi alveg fyrir hvaða áhrif fyrirkomulag um skipta búsetu og framkvæmd þess hefði á kynin og ólíka hópa og í þeim efnum var vísað til umfjöllunar um fyrirkomulag á útreikningi barnabóta í tengslum við skipta búsetu. Meiri hluti nefndarinnar taldi mikilvægt að innan þriggja ára frá samþykkt frumvarpsins færi fram endurskoðun, einkum á [fyrirkomulagi um skipta búsetu og framkvæmd þess, eins og með útreikning barnabóta](#), en að fleiri atriði þyrfti að taka til endurskoðunar, m.a. í ljósi laga um kynrænt sjálfræði og atriða sem snúa að [framfærslu og meðlagi](#).

Hvað varðar breytingar á barnalögum sem snúa að [kynrænu sjálfræði](#), sbr. lög nr. 49/2021 sem samþykkt voru á Alþingi þann 11. maí 2021, kemur m.a. fram í nefndaráliti meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar að endurskoðun á barnalögum er snýr að kynrænu sjálfræði geti falið í sér að barnalög verði gerð [kynhlutlaus](#) sem geti einnig leitt til þess að fleiri lög verði gerð kynhlutlaus samhliða slíkri endurskoðun. Var því beint til dómsmálaráðuneytis að við heildarendurskoðun barnalaga yrðu framangreind atriði tekin til skoðunar.

Af þessu tilefni ákvað dómsmálaráðherra að skipa [þriggja manna nefnd](#) (sifjalaganefnd) til eins árs vegna framangreindrar endurskoðunar barnalaga og einnig endurskoðunar hjúskaparlaga sem skal fara fram á sama tíma. Meginverkefni nefndarinnar er að fjalla um og taka afstöðu til fyrrgreindra atriða sem koma fram í nefndaráliti allsherjar- og menntamálanefndar en nefndin skal að auki [yfirlýsa barnalög og hjúskaparlög í heild sinni](#) og leggja mat á hvort ástæða sé til að skoða fleiri þætti þeirra.

Samhliða endurskoðun barnalaga ákvað dómsmálaráðherra að gerð yrði [úttekt á áhrifum skiptrar búsetu](#) hér á landi. Er gert ráð fyrir að úttektin muni nýtast nefndinni við endurskoðun á barnalögum.

Núgildandi [Barnalög](#) skiptast í eftirfarandi kafla:

I. kafli. Réttindi barns

I. kafli a. Foreldrar barns

II. kafli. Dómsmál til feðrunar barns o.fl.

III. kafli. Dómsmál til vefengingar á faðerni barns eða ógildingar faðernisviðurkenningar o.fl.

IV. kafli. Greiðslur er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu

V. kafli. Foreldraskyldur og forsjá barns

VI. kafli. Dómsmál vegna ágreinings um forsjá eða lögheimili barns

VII. kafli. Framkvæmd ákvörðunar um forsjá eða lögheimili

VIII. kafli. Umgengnisréttur o.fl.

IX. kafli. Framfærsla barns

X. kafli. Greiðsla meðlags og framfærslueyris. Innheimtuúrræði

XI. kafli. Meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögum þessum

XII. kafli. Reglugerð, gildistaka, lagaskil o.fl.

Allir sem vilja koma ábendingum eða athugasemdum á framfæri, sem gætu gagnast í endurskoðuninni, eru hvattir til þess að senda umsögn vegna málsins. Unnt er að koma á framfæri almennum ábendingum um barnalögin en einnig um sérstök atriði laganna sem talin eru þurfa á endurskoðun að halda sbr. til hliðsjónar þá kaflaskiptingu sem kynnt er hér að framan.